

REGLUGERÐ

um bann við kolmunnaveiðum út af Suðausturlandi.

1. gr.

Frá og með 16. júní 2004, eru allar veiðar á kolmunna bannaðar út af Suðausturlandi á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 32'30 N - 11° 41'00 V
2. 64° 37'00 N - 10° 51'00 V
3. 64° 17'00 N - 10° 34'00 V
4. 64° 04'00 N - 11° 04'00 V
5. 63° 45'00 N - 10° 40'00 V
6. 63° 30'00 N - 10° 55'00 V
7. 63° 17'00 N - 11° 20'00 V
8. 63° 26'00 N - 11° 55'00 V
9. 63° 43'40 N - 13° 53'00 V
10. 64° 00'00 N - 13° 07'00 V
11. 64° 21'70 N - 12° 17'30 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 334, 12. maí 2003, um bann við kolmunnaveiðum á Þórsbanka.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. júní 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.